

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Fiskislóð 27.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 20. október 2017, breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 27 við Fiskislóð. Í breytingunni felst aukning á byggingarmagni lóðarinnar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Óðinsgata 8B og 8C.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 8. nóvember 2017, breytingu á deiliskipulagi reits 1.180.3 vegna lóðanna nr. 8B og 8C við Óðinsgötu. Í breytingunni felst m.a. stækkun á lóð Óðinsgötu 8B og lóð Óðinsgötu 8C er minnkuð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Heiðargerði 21.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 10. nóvember 2017, breytingu á deiliskipulagi Heiðargerðisreits vegna lóðarinnar nr. 21 við Heiðargerði. Í breytingunni felst m.a. breyting á byggingarreit B þannig að heimilt verði að byggja lengra út garðmegin. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Kennaraháskóli Íslands, reitur 1.254.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 15. nóvember 2017, breytingu á deiliskipulagi reits 1.254, Kennaraháskólinn. Í breytingunni felst leiðrétting á samlagningarvillu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hraunbær 103A.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 15. nóvember 2017, breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 103A við Hraunbæ. Í breytingunni felst m.a. heimild til að hækka gólfkóta neðstu hæðar, breyting á bílgeymslu og að eingöngu sé heimilt að aka í bílgeymslu við suðvesturhorn lóðarinnar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bíldshöfði 8.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 17. nóvember 2017, breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 8 við Bíldshöfða. Í breytingunni felst m.a. stækkun og breyting á byggingarreit fyrir útbyggingar, ekki lengri en 6 metra, að sunnanverðu allt að 6 metra háar útbyggingar og að norðan- og austanverðu heimild til að byggja allt

Nr. 1057

17. nóvember 2017

að 4,5 metra háar útbyggingar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 17. nóvember 2017.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 1. desember 2017